

1872.

25. oktbr.

**97. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskups-
ins yfir Íslandi, um að aldursleyfi fyrir prestsefni
geti ekki fengist.**

Með bréfi, dagsettu 4. f. m., hafið þér, háæruverðugi herra, sent hingað þegnlega bænarskrá, þar sem prestaskólakandidat Jens Pálsson Mathiesen, sækir um leyfi til að láta vígjast til prests, þótt hann ekki sé 25 ára að aldri, og hafið þér mælt fram með, að það verði veitt, sem sókt er um, eða þá, að sækjandinn, sem sé fæddur 1. apríl 1851, og þannig skorti hér um bil hálf fjórða ár í lögboðinn 25 ára aldur, í öllu falli megi vígjast til prests, þegar hann sé orðinn 22 ára að aldri.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtuð það, að aldursleyfi það, sem sókt er um, verður eigi veitt nú sem stendur.

30. oktbr.

**98. Bréf kirkju og kennslustjórnarinnar til dómsmála-
stjórnarinnar, um nokkrar útgjaldgreinir á fjár-
hagsáætlun Íslands.**

Í bréfi 27. febr. þ. á. hefir dómsmálastjórnin leitað álits kirkju- og kennslustjórnarinnar um, að alþingi síðasta hefir í þegnlegri bænarskrá meðal annars stungið uppá, að útgjalda- greinin í áætluninni um tekjur og útgjöld Íslands á reiknings- árinu 1871—72, 7. gr., D., „önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla“ verði nákvæmlega endurskoðuð.

Eptir að vèr útaf þessu höfum leitað álits stiptsyfirvaldanna á Íslandi, gefst dómsmálastjórninni til vitundar, um leið og vèr sendum aptur fylgiskjölín, að ástæða þykir vera til að færa niður eptirleiðis upphæðina á útgjaldagreininni, 7. gr. D. 3. til 150

1) Tíðindi frá alþingi 1871, II., 619.